



Fjölbrautaskóli Vesturlands  
á Akranesi



Innra mat, skólaárið 2021-2022

Fjölbrautaskóli Vesturlands  
á Akranesi



## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| INNGANGUR.....   | 3  |
| I. LYKILTÖLUR .....  | 4  |
| II. BRAUTSKRÁNING, SKÓLASÓKN, NÁMSÁRANGUR.....                               | 5  |
| III. INNRA MAT Í FVA .....   | 5  |
| IV. KANNANIR.....  | 6  |
| Kennslukönnun .....  | 7  |
| Viðhorfskannanir - Nemendur .....  | 8  |
| Viðhorfskannanir - Starfsfólk.....   | 9  |
| V. ÖNNUR VERKEFNI .....  | 11 |
| Náms- og starfsráðgjöf – þjónusta geðhjúkrunarfræðings og forvarnir .....    | 11 |
| Félagslíf nemenda .....  | 11 |
| Heilsueflandi framhaldsskóli .....   | 12 |
| Umhverfismál.....  | 13 |
| Alþjóðasamstarf .....  | 13 |
| VI. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.....   | 14 |
| Verkefni vegna markmiða sem lágu fyrir í upphafi skólaársins 2021-2022 ..... | 14 |
| Verkefni og aðgerðir fyrirhuguð á skólaárinu 2022-2023 .....                 | 17 |
| VII. LOKAORÐ .....   | 17 |



## INNGANGUR

Viðfangsefni innra mats hjá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) byggir á framhaldsskólalögum nr. 92/2008. Þar segir í 40. gr. laganna að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skuli vera að:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
- c) auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi,
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Samkvæmt 41. gr. sömu laga er fjallað nánar um innra mat og segir þar að hver framhaldsskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birta opinberlega upplýsingar um matið, tengsl við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjá nánari í reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum.

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og gæðastjóri hafa yfirumsjón með innra mati FVA. Verkefni eru helst áætlanagerð, utanumhald gagna, úrvinnsla kannana og rýnivinna, eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd umbóta, skýrslugerð o.fl. Deildarstjórar sjá um þætti sem varða skipulag og framkvæmd innan deildar, s.s. umsjón með að áfangalýsingar og kennsluáætlanir séu í samræmi við námskrá. Deildarstjórar eru níu, þrjú á iðnbrautum (málm-, raf- og tréiðngreinar; hér undir einnig dreifnám í húsasmíði og vélvirkjun), starfsbraut, raun-, heilbrigðisgreina og íþróttadeild (hér undir einnig dreifnám á sjúkraliðabraut) og fjórar bóknámsdeildir; tungumála-, íslensku-, samfélagsgreina-, sögu og lífsleiknideild og stærðfræðideild ásamt tölvufræði og viðskiptagreinum.

Stjórnendateymi FVA sem auk skólameistara, aðstoðarskólameistara og gæðastjóra er skipað áfangastjóra og fjármálastjóra, gegnir jafnframt hlutverki gæðaráðs sem kemur að framkvæmd ýmissa þátta innra mats, s.s. úrvinnslu, gagnaöflun, greiningu umbóta og gerir tillögur að umbótaverkefnum.

Innra starf skólans á tímum Covid-19 var með öðrum hætti en venja er eins og víðar. Eftir sem áður var nám og kennsla að stærstum hluta samkvæmt náms- og kennsluáætlunum og heppnaðist vel. Yfirlit um kennslufyrirkomulag og framvindu í skólastarfinu í skugga veirunnar má sjá á tímalínu aðgerða á vef skólans:

[Tímalína á haustönn 2021](#)

[Tímalína á vorönn 2022](#)



## I. LYKILTÖLUR

Á haustönn 2021 voru 547 nemendur í námi við skólann en 477 á vorönn 2022:


| Haustönn 2021     | Karlar     | Konur      | Heildarfjöldi |
|-------------------|------------|------------|---------------|
| Dagskóli haustönn | 251        | 153        | 404           |
| Dreifnám haustönn | 86         | 57         | 143           |
| <b>Samtals</b>    | <b>337</b> | <b>210</b> | <b>547</b>    |

| Vorönn 2022     | Karlar     | Konur      | Heildarfjöldi |
|-----------------|------------|------------|---------------|
| Dagskóli vorönn | 209        | 134        | 342           |
| Dreifnám vorönn | 81         | 53         | 135           |
| <b>Samtals</b>  | <b>290</b> | <b>187</b> | <b>477</b>    |

Nánari upplýsingar um lykiltölur ársins 2021 má nálgast í [ársskýrslu](#) á vef skólans, [www.fva.is](http://www.fva.is).

Heildarfjöldi nemenda á hvorri önn er svipaður og á skólaárinu á undan (2020-2021), nokkrum nemendum meira á haustönn en nokkrum færri á vorönn. Þá hefur enn fjölgað í hópi nemenda sem eru eldri en 23 ára (eru 27% af heildarfjölda en voru 18% á síðasta skólaári og 16% skólaárið þar áður). Nemendur í dreifnámi (verkefnadrifið fjarnám með staðbundnum lotum um helgar) eru að jafnaði eldri og stunda námið samhliða vinnu. Nám í dreifnámi er á braut trúþingreina, málmiðngreina og á sjúkraliðabraut. Nám á félagsliðabraut var auglýst á haustönninni en umsóknir voru of fáar til þess að hægt væri að fara af stað með námið. Aftur verður auglýst fyrir haustönn 2022.

Skipting nemenda á námsbrautir var eftirfarandi:



Fjöldi áfanga á haustönn 2021 var 154 áfangar sem er fjölgun um 6 áfanga miðað við haustönn 2020. Fjöldi áfanga á vorönn 2022 var 168 áfangar sem er fjölgun um 16 áfanga miðað við vorönn 2021.

Fjölgun áfanga kemur m.a. til af því að verið er að ljúka við að keyra námskrá í málmiðngreinum frá 2019.

Á vef skólans eru [lýsingar á námsbrautum](#) og ný skólanámskrá.



## II. BRAUTSKRÁNING, SKÓLASÓKN, NÁMSÁRANGUR

Á haustönn 2021 voru 45 nemendur brautskráðir frá skólanum þann 18. desember.

Á vorönn 2022 voru 65 nemendur brautskráðir þann 20. maí.

Brautskráningarathöfnin á haustönn 2021 var háð fjöldatakmörkunum gesta í samræmi við gildandi samkomubann og var streymt. Við brautskráningu á vorönn gátu fjölskyldur hins vegar mætt með útskriftarefnum og glaðst með þeim á þessum tímamótum. Athöfninni var þó streymt fyrir þá sem ekki gátu mætt; streymið er nytsöm leið til upplýsingamiðlunar, nokkuð sem við lærðum á tímum Covid-19.

Á vorönn 2022 náðu um 21% nemenda í fullu námi í dagskóla einkunninni 9 eða 10 fyrir mætingu og fengu fyrir það 1 einingu á fyrsta þrepi sem var færð inn í námsferil við lok annar. Hlutfallið er lægra sem nemur 4% miðað við árið á undan. Mögulega er þetta til marks um skólaforðun fyrir áhrif ýmissa sóttvarnarráðstafana sl. tvö ár sem höfðu áhrif á skólastarfið en einnig má merkja minni þátttöku nemenda í félagslífi og minni skuldbindingu gagnvart náminu. Hér er verk að vinna fyrir kennara og nemendur.

Meðaleinkunn á haustönn 2021 var 6,86 og fallprósenta 15,79%

Meðaleinkunn í skólanum á vorönn 2022 var 6.9 og fallprósenta 14,9%

Markmið FVA er að allir nemendur hafi lokið a.m.k. 40 einingum eftir 2 annir og 80 einingum eftir 4 annir. Hlutfall nemenda sem hóf nám á haustönn 2019 á stúdentsbrautum og brautskráðist á vorönn 2022 á áætluðum námstíma (3 ár/6 annir til stúdentsprófs) var 46%:

|          | Loknar einingar > 40 eftir<br>2 annir | Loknar einingar > 80 eftir 4<br>annir | Brautskráning á<br>áætluðum námstíma (3 ár<br>til stúd.prófs) |
|----------|---------------------------------------|---------------------------------------|---|
|          | Hlutfall lokinna ein.                 | Hlutfall lokinna ein.                 | Hlutfall  |
| Vor 2018 | 82,90%                                | 76%                                   | 43%   |
| Vor 2019 | 83%                                   | 92%                                   | 44%   |
| Vor 2020 | 84%                                   | 86%                                   | 44%   |
| Vor 2021 | 75%                                   | 76%                                   | 43%   |
| Vor 2022 | 93%                                   | 75%                                   | 46%   |

Hlutfall lokinna eininga eftir 2 annir: Umtalsverð hækkun skýrist af því að árgangur fæddur 2005 er mjög sterkur námslega.

Af yfirliti sem birtist í þessari töflu má sjá að þrátt fyrir Covid-19 er hlutfall þeirra sem brautskrást á áætluðum námstíma betra en áður.

## III. INNRA MAT Í FVA

Fyrir skólaárið 2021-2022 lá fyrir samþykkt áætlun (sjá meðfylgjandi töflu) um kannanir sem skólinn leggur fyrir í tengslum við kennslu og nemendur, sjá liði 1-4 í töflunni. Til viðbótar eru kannanir sem ytri aðilar framkvæma og er gert grein fyrir þeim í kafla IV.

Liðir 5-7 í töflunni eru yfir kannanir í tengslum við starfsfólk og starfsumhverfismál sem skólinn og ytri aðilar framkvæma.

Allt framangreint liggur til grundvallar innra mati á skólaárinu auk þess sem lykiltölur voru rýndar (s.s. nemendafjöldi í heild og eftir brautum, námsárangur o.fl.) sem og skýrslur verkefnastjóra.

Liðir 8-12 í töflunni varða innri og ytri úttektir vegna jafnlaunakerfis FVA sem var fyrst vottað vorið 2020 og stóðst þriðju viðhaldsvottun í desember 2021.

Tafla fyrir skólaárið 2021-2022:

| Nr. | Könnun, greining, rýni, úttekt   | Skjal, aðferð                             | Haustönn | Vorönn | Úttektaraðili                    |
|-----|--|---|----------|--------|----------------------------------|
| 1   | Kennslukönnun - lögð fyrir nem. í völdum áföngum um viðhorf til kennslu, samskipta við kennara, námsefnið o.fl.; | Rafræn könnun                             | x        | x      | Aðstoðarskólameistari            |
| 2   | Viðhorfskönnun - lögð fyrir nem. um viðhorf til þjónustu, um líðan, viðhorf til félagslífs o.fl.                 | Rafræn könnun                             |          |        | Aðstoðarskólameistari            |
| 3   | Viðhorfskönnun - lögð fyrir útskrifaða nemendur um eftirámat á námi í FVA  | Rafræn könnun                             |          | x      | Aðstoðarskólameistari            |
| 4   | Viðhorfskönnun - skólinn frá sjónarhóli foreldra   | Rafræn könnun                             |          | x      | Aðstoðarskólám.                  |
| 5   | Viðhorfskönnun meðal starfsfólks   | Rafræn könnun                             |          |        | Aðstoðarskólám.                  |
| 6   | Starfsmannasamtöl stjórnenda við starfsfólk á amk 2 ára fresti og snerpusamtöl í kjölfar kennslukannana          | Skráð samtöl                              | x        | x      | Skólameistari og aðstoðarskólám. |
| 7   | Stofnun ársins - könnun meðal starfsfólks um stjórnun, líðan á vinnustað og aðbúnað                              | Rafræn könnun                             |          | x      | Gallup                           |
| 8   | Launagreining; vaktaðir og mældir þættir sem hafa áhrif á launamyndun; frammistaða FVA staðfest.                 | Embla - launagrein-ingartöl fjársýslunnar | x        |        | Fjármálastjóri                   |
| 9   | Lagalegar kröfur og aðrar kröfur   | 4.3.2_GAT<br>4.3.2_VEL                    |          | x      | Skólameistari og gæðastjóri      |
| 10  | Innri úttekt skv. áætlun jafnlaunakerfis FVA   | 4.5.5_GAT<br>4.5.5_VEL                    | x        |        | Úttektarteymi                    |
| 11  | Rýni stjórnenda  | 4.6_GAT<br>4.6_VEL                        | x        |        | Skólameistari                    |
| 12  | Ytri úttekt á jafnlaunakerfi   | Skjöl og skrár jafnlaunakerfisins         | x        |        | iCert                            |

Kannanir voru að mestu í samræmi við áætlun:

Kennslukannanir (liður 1) voru framkvæmdar á báðum önnum; sjá kafla IV.

Viðhorfskönnun (liður 2) er lögð fyrir nemendur annað hvert ár, næst á vorönn 2023.

Viðhorfskönnun var lögð fyrir útskrifaða nemendur og foreldra (liðir 3 – 4); sjá kafla IV.

Viðhorfskönnun er lögð fyrir starfsfólk (liður 5) annað hver ár, næst á haustönn 2022.

Starfsmannasamtöl og snerpusamtöl fóru fram á báðum önnum (liður 6).

Starfsumhverfiskönnun ríkisins, Stofnun ársins (liður 7) sem framkvæma átti á vorönn 2021 var færð til haustannar 2021 vegna Covid-19.

Kannanir í liðum 8-12 varða innri og ytri úttekt á jafnlaunakerfi skólans og eru á áætlun.

#### IV. KANNANIR

Hér er fjallað um niðurstöður kannana sem varða skólastarfið, skv. liðum 1 – 7 í töflunni í kafla IV hér á undan.

## KENNSLUKÖNNUN

Nemendur leggja mat á áfanga og kennslu í völdum áföngum í dagskóla og dreifnámi. Niðurstöður gefa vísbendingar um það sem vel er gert og það sem má bæta. Þær eru framkvæmdar í Innu í apríl og nóvember. Stefnt er að því að hver áfangi sé metinn ekki sjaldnar en á tveggja ára tímabili.

Mat á niðurstöðum: Viðmið um a.m.k. 80% með svarinu „sammála“ eða „mjög sammála“ er metið þannig að kennslan sé fullnægjandi og innan viðmiðunarmarka sem krefjast sérstakra viðbragða. Svör undir 80% eru sérstaklega rædd í snerpusamtölum í kjölfar kennslukönnunar. Góðum niðurstöðum eru sömuleiðis gerð skil í snerpusamtölum.

**Á haustönn 2021**, dagana 15.– 23. nóvember voru kennslukannanir lagðar fyrir í 37 áföngum í dagskóla. Samtals 506 svarendur (sumir taka fleiri en eina könnun) féllu undir úrtakið og náðu þær til 17 kennara. Þátttaka var 59,2%. Könnunin var lögð fyrir nemendur í tungumálum, stærðfræði, viðskiptagreinum, íslensku, listgreinum og málmíðngreinum. Spurningar voru samtals 19. Alls 5 spurningar fengu meira en 90% svara í „sammála“ eða „frekar sammála“ en þrjár spurningar eru með undir 80% með svarinu „sammála“ eða „mjög sammála“ en þær voru þessar:

Tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir (78%)  
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga (79%)  
Kennarinn bendir mér á hvernig ég get bætt mig í áfanganum (76%)

Þessi niðurstaða gefur til kynna að það megi hressa upp á kennslu í viðkomandi greinum. Það er rætt sérstaklega við kennara og fylgst með framvindu í næstu könnunum.

**Á vorönn 2022**, dagana 15.-25. apríl voru kennslukannanir lagðar fyrir bæði í dagskóla og í dreifnámi.

Í dagskóla var könnunin lögð fyrir í 33 áföngum. Samtals 343 svarendur (sumir taka fleiri en eina könnun) féllu undir úrtakið og náðu þær til 12 kennara. Þátttaka var 58,93%. Könnunin var lögð fyrir nemendur í samfélagsgreinum, trúmíðngreinum og íþróttum. Spurningar voru samtals 24, þar af 4 opnar spurningar. Meira en 80% þátttakenda svöruðu öllum spurningum með „sammála“ eða „frekar sammála“. Þær spurningar sem fengu meira en 90% svara með „sammála“ eða „frekar sammála“ voru þessar:

Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir.  
Ég nýti kennslutímum vel í þessum áfanga.  
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum.  
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum.  
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga.  
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga.  
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim.  
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnninn hátt.  
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða.  
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga (99% sammála þessu)  
Ég er ánægð/ánægður með samskipti mín við kennarann.  
Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslu.  
Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir.

Í dreifnámi var könnunin lögð fyrir í 36 áföngum. Samtals 114 svarendur (sumir taka fleiri en eina könnun) féllu undir úrtakið og náði til 14 kennara. Þátttaka var 26,76%. Könnunin var lögð fyrir nemendur í sjúkraliðanámi, húsasmíði og vélvirkjun. Spurningar voru samtals 24, þar af 4 opnar spurningar. Meira en 80% þátttakenda svöruðu öllum spurningum með „sammála“ eða „frekar sammála“. Þær spurningar sem fengu meira en 90% svara með „sammála“ eða „frekar sammála“ voru þessar:



Tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir  
Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir  
Ég nýti kennslutímann vel í þessum áfanga  
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum  
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum  
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga  
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga  
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim  
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga  
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnninn hátt  
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri  
Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða  
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga  
Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslu  
Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir

## VIÐHORFSKANNANIR - NEMENDUR

**Útskrifaðir nemendur.** Á vorönn 2022 var leitað eftir viðhorfi fyrrum nemenda sem hafa útskrifast frá skólanum. Í úrtakinu voru nemendur sem útskrifuðust fyrir 3 árum (vor og haust 2019), samtals 151 fyrrverandi nemandi. Könnunin var send á netföng sem skráð eru í Innu. Þátttaka var um 28% og mætti vera betri. Leitað verður leiða til að auka þátttöku næst. Líta má á niðurstöður sem vísbendingar um gæði skólastarfsins. Niðurstaðan var að um 54% þátttakenda er í námi, þar af 50% í háskólanámi; um 60% eru mjög eða frekar sammála því að nám í FVA hafi veitt góðan undirbúning fyrir framhaldsnám; rúmlega 70% eru mjög eða frekar sammála því að kennslan hafi verið góð og um 80% að námsaðstaðan hafi verið góð; rúmlega 85% segja að þeim hafi liðið vel í FVA og tæp 70% að námið hafi verið hæfilega þungt. Í svari við opinni spurningu komu fram ábendingar sem komið er á framfæri við viðkomandi starfsfólk í starfsmannasamtölum eða á deildarfundum, eftir því sem við á.

Niðurstöður verða kynntar á kennarafundi haustið 2022.

**Foreldrakönnun** (foreldrar nýnema). Á vorönn 2022 var leitað eftir viðhorfi forráðamanna nýnema til ýmissa þjónustupátta skólans. Könnunin var lögð fyrir 205 forráðamenn en fjöldi svara var um 26%. Þess má geta að linkur á könnunina var sendur í tölvupósti til beggja foreldra með það í huga að auka líkur á þátttöku en hún var aðeins um 7% árið áður. Með 26% þátttöku má líta á niðurstöður sem vísbendingar um hversu ánægðir forráðamenn eru með hina ýmsu þjónustupætti í skólanum. Niðurstöður voru eftirfarandi en hlutfall miðast við fjölda svara (26%): Um 88% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með val barnsins á framhaldsskóla; tæp 80% þekkja skólareglur FVA mjög eða frekar vel; rúmlega 33% finnst upplýsingar á vef skólans mjög aðgengilegar og um 50% frekar aðgengilegar. Um 50% fara 1x í viku inn Innu, um 25% 2-3x í viku og rúmlega 10% daglega. Tæplega 75% finnst upplýsingar í Innu frekar eða mjög góð; um 95% finnst þjónusta skrifstofu FVA vera mjög eða frekar góð og um 69% finnst þjónusta stjórnenda vera mjög eða frekar góð. Um helmingur þátttakenda tók afstöðu til þjónustu mötuneytis og finnst hún mjög eða frekar góð. Sama gildir um þjónustu bókasafns þar sem um helmingur tók afstöðu og finnst hún mjög eða frekar góð. Um helmingur þátttakenda tók afstöðu til þjónustu náms- og starfsráðgjafa við barn sitt og voru mjög eða frekar ánægðir með hana. Í svörum við opinni spurningu komu fram ábendingar sem skólastjórnendur nýta til úrbóta, t.d. að halda betur utan um iðnnema og leita leiða til að efla stærðfræðikennsluna.

Niðurstöður verða kynntar á kennarafundi haustið 2022.

**Könnun heilsueflingarteymis** á meðal allra nemenda: Í nóvember 2021 lagði heilsueflingarteymi skólans könnun fyrir nemendur. Tilgangurinn var að fá fram hugmyndir þeirra um hvað við gætum gert betur, s.s. hvort teymið ætti að standa fyrir hreyfingu fyrir nemendur utan skólatíma, hvernig



fyrirlestur þau myndu vilja og hvað mætti bæta í úrvali mötuneytisins. Svarhlutfall var um 27%. Sjá nánar í V. kafla undir liðunum Heilsueflandi framhaldsskóli.

Auk kannana sem skólinn lagði fyrir tóku nemendur þátt í könnuninni Ungt fólk sem Rannsókn og greining framkvæmir og nær til upplýsinga um vímuefnanotkun, nám og skóla, heilsu og líðan, frítíma o.fl. Niðurstöður eru nýttar til að greina umbótatækifæri í skólastarfinu þar sem stjórnendur geta borið niðurstöður síns skóla saman við niðurstöður viðmiðunarhóps (aðrir framhaldsskólar).

**Rannsókn og greining; Ungt fólk - lýðheilsa framhaldsskólanema** . Könnunin fór fram í nóvember 2021: Könnun á líðan nemenda, upplýsingar um ungmenni á tímum Covid. Niðurstöður voru kynntar á kennarafundi á vorönn 2022. Helstu viðbrögð eru eftirfarandi:

- Efla þarf forvarnarstarf til að sporna við vímuefnanotkun, þ.m.t. notkun nikotínþúða.
- Viðhalda öflugri þjónustu geðhjúkrunarfræðings og náms- og starfsráðgjafa
- Hlúa að og styðja nemendur og leiðbeina þeim um úrræði í boði
- Viðhalda jafningjafræðslu í Verinu til að styðja við nemendur sem þurfa og vilja leggja meiri rækt við námið
- Auka aðstoð í Verinu
- Auka fræðslu um mikilvægi svefns
- Auka fræðslu um áhrif kláms og sexting

Einnig var brugðist við með því að efla stuðningsteymi skólans með auknu starfshlutfalli geðhjúkrunarfræðings. Teymið kappkostar að bregðast við vísbendingum um vanda, greina þarfir nemenda, m.a. gegnum niðurstöður kannana, og veita þeim nauðsynlegan stuðning. Ákveðið hefur verið að virkja á ný aðkomu forvarnarfulltrúa og forvarnarteymis á komandi hausti til að styðja við góða lýðheilsu nemenda.

---

#### VIÐHORFSKANNANIR - STARFSFÓLK

Annað hvert ár er framkvæmd könnun á meðal starfsfólks um viðhorf til ýmissa þjónustuþátta; næsta könnun verður á haustönn 2022. Vert er að geta þess að samtal milli stjórnenda og starfsfólks hefur aukist til muna og starfsfólk er hvatt til að koma á framfæri fyrirspurnum og ábendingum um það sem betur má fara. Stjórnendur leitast við að huga strax að umbótum þar sem hægt er, í samráði við starfsfólkið.

Starfsmannasamtöl voru á dagskrá allt skólaárið en þar ræða stjórnandi og starfsmaður með skipulögðum hætti um starfið, s.s. verkefni starfsins, samskipti, líðan, vinnuaðstæður, starfsþróun o.fl. og sammælast um niðurstöður. Leitast er við að starfsmaður fái samtal árlega en ekki sjaldnar en annað hvert ár auk þess sem hann getur óskað eftir samtali hvenær sem er. Á haustönn 2021 voru fimm nýliðasamtöl þar sem leitast er við að fylgja eftir góðri aðlögun að nýju starfi og nýjum vinnustað og á vorönn 2022 voru samtöl við 14 kennara; starfsmannasamtölum verður fram haldið á komandi haustönn. Áherslan að þessu sinni var á lýðræðislega kennsluhætti, að viðhalda neistanum í starfi og samskipti. Samtali fylgir áætlun um eftirfylgni við niðurstöður og ákvarðanir.

Snerpusamtöl við kennara voru í höndum aðstoðarskólameistara en þau eru á dagskrá í kjölfar kennslukannana, bæði á haustönn og vorönn. Um er að ræða stutt, hnitmiðað starfsmannasamtal við kennara um niðurstöðu könnunar og möguleg viðbrögð en hvoru tveggja er trúnaðarmál milli viðkomandi. Kennari getur einnig óskað samtals án tillits til niðurstöðu könnunarinnar. Farið var yfir samandregnar niðurstöður á kennarafundi og þær ræddar meðal kennara í deildum. Á haustönn 2021 voru samtöl við 14 kennara sem voru í mati í kennslukönnun og á vorönn 2022 var samtal við 16 kennara.

Skipulögð nýliðafræðsla og -þjálfun fyrir nýtt starfsfólk á haustönn fólst í faglegri handleiðslu á fyrstu mánuðum í starfi og hefur reyndur kennari það verkefni með höndum. Stjórnendur fylgja þessu eftir með samtali eftir tvo mánuði í starfi. Smíði móttökuáætlunar og gátlista er ekki að fullu lokið en verður lokið á haustönn 2022.

Stofnun ársins, Starfsumhverfiskönnun ríkisins og Sameykis, fór fram í nóvember 2021 (var fyrirhuguð vorið 2021 en frestað vegna Covid-19). Sem fyrr voru þessir þættir kannaðir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og loks jafnrétti. Niðurstöður lágu fyrir í mars 2022: Einkunn FVA var 4,20 sem var í samræmi við markmið þar um. Helstu niðurstöður könnunarinnar aðgengilegar í heild sinni á vef [Sameykis](#). Sjá jafnframt í [ársskýrslu](#).

Árangur er umtalsverður frá mælingu vorið 2019:

| 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|------|------|------|------|
| 3,47 | 3,98 | 4,2  | ?    |

Frá 2020 hefur markvisst verið lögð áhersla á lýðræðislega stjórnunarhætti og bætt og árangursrík samskipti við starfsfólk og nemendur. Í stefnumiðaðri áætlun var sett markmið um að ná einkunninni 4,3 í Stofnun ársins árið 2024. Áfram verður unnið að því að gera enn betur á öllum sviðum.

Ný verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat hjá FVA 2022-2025 er fyrirbyggjandi og tekur gildi frá haustönn 2022:

| Innra mat – rauði þráðurinn  | H2022    | V2023     | H2023    | V2024     | H2024    | V2025     |
|--|----------|-----------|----------|-----------|----------|-----------|
| Kennslukönnun – valdir áfangar   | nóv.     | mars      | nóv.     | mars      | nóv.     | mars      |
| Snerpusamtöl í kjölfar kennslukannana  | nóv.     | mars      | nóv.     | mars      | nóv.     | mars      |
| Viðhorfsk. meðal nemenda   |          | feb.      |          |           |          | feb.      |
| Viðhorfsk. meðal fyrrum nemenda  |          | feb       |          | feb       |          | feb       |
| Viðhorfskönnun meðal foreldra  |          | feb       |          | feb       |          | feb       |
| Viðhorfskönnun meðal starfsfólks   | nóv      |           |          |           | nóv      |           |
| Starfsmannasamtöl  | sept/nóv | jan/apríl | sept/nóv | jan/apríl | sept/nóv | jan/apríl |
| Stofnun ársins   |          | nóv       |          | nóv       |          | nóv       |
| Rýnihópar*   | x        | x         | x        | x         | x        | x         |
| Lykiltölur   | des      | maí       | des      | maí       | des      | maí       |
| Gátlisti deildarstjóra/Skýrslur verkefnastj.   | des      | maí       | des      | maí       | des      | maí       |
| Gerð skýrslu um innra mat FVA  |          | maí/júní  |          | maí/júní  |          | maí/júní  |
| Ný áætlun um innra mat unnin   |          | júní      |          | júní      |          | júní      |
| *Rýnihópar starfsfólks, nemenda og annarra hagaðila eftir því sem við verður komið og það á við. |          |           |          |           |          |           |

Til viðbótar taka nemendur þátt í könnunum sem framkvæmdar eru af öðrum, s.s.: [Skólapúlsinn](#), [Rannsóknir og greining](#) (Ungt fólk) og öðrum könnunum eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Til að fá breiða sýn á málefni eru rýnihópar (nemendur, starfsfólk og eftir atvikum fulltrúar foreldra eða

annarra hagaðila) fengnir að borðinu þegar því er við komið og það á við; mat þeirra er þá nýtt til umbóta. Þá má nefna árlega launagreiðingu, úttektir og rýni á grundvelli ÍST 85-2012, gæðastaðals fyrir jafnlaunakerfi en jafnlaunakerfið FVA hlaut vottun á grundvelli staðalsins árið 2020.

## V. ÖNNUR VERKEFNI

Önnur verkefni en framangreind eru mörg og af mismunandi toga. Að þessu sinni er gert stuttlega grein fyrir náms- og starfsráðgjöf á skólaárinu, þjónustu geðhjúkrunarfræðings og forvörnum, félagslífi nemenda, heilsuefandi framhaldsskóla, umhverfismálum og alþjóðasamstarfi.

### NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF – ÞJÓNUSTA GEÐHJÚKRUNARFRÆÐINGS OG FORVARNIR

Stuðningsteymi FVA skipa náms- og starfsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur og er samvinna mikil. Á haustönn voru náms- og starfsráðgjafar í 125% starfshlutfalli en 100% frá áramótum og staða skólahjúkrunarfræðings var aukin úr 25% í 50% starfshlutfall. Ákveðið hefur verið að auka stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf um 50% frá hausti 2022 til að tryggja sem besta rágjöf og þjónustu við nemendur sem margir þurfa á aðstoð að halda í því erfiða og flókna umhverfi sem Covid-19 hefur skapað. Sérstakur kraftur var settur í ráðgjöf við nemendur á framhaldsskólabraut og nemendur af erlendum uppruna.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa tengdust náms- og starfsferli nemenda, námsstuðningi og hvatningu en einnig þungum nemendamálum. Helstu verkefni skólahjúkrunarfræðings tengdust geðheilbrigði og öðru heilsufari.

Að vanda var stuðningsteymið alltaf á tánnum vegna líðanar nemenda, fylgdist vel með og veitti ráð og stuðning.

Forvarnarstarf á árinu leið fyrir Covid-19 og var ekki af þeim krafti sem verið hefur og er æskilegt.

### FÉLAGSLÍF NEMENDA

Félagslíf nemenda hresstist þegar líða tók á skólaárið. Okkur tókst að halda árshátíð (enginn dans) og nokkur böll sem voru ágætlega sótt. Leiklistarklúbburinn Melló setti upp dramatískt leikrit á vormánuðum, Útfjör (FunHome), sem sýnt var í Bíóhöllinni. Keppt var í söngkeppni framhaldskólanna og Gettu betur og komumst við áfram þar í sjónvarpskeppnina. FVA lék um Íslandsmeistaratitilinn í rafíþróttum (FRÍS) en liðið tapaði naumlega fyrir sitjandi meisturum í TS. Dimission er haldin í desember og að vori. Útskriftarhópurinn mætir í búningum til morgunverðar kl. 8, í framhaldi hefst ratleikur dagsins og loks er haldið af stað suður til Reykjavíkur og sprellað fram á kvöld; deginum lýkur með balli á Gamla Kaupfélaginu.

Huga þarf að því að virkja klúbbastarfsemina á næsta skólaári, virkja formenn klúbbanna og stofna nýja klúbba.

Nemendafélagið var rekið með tapi og á næsta skólaári þarf þess vegna að funda reglulega með stjórn NFFA (mánudagsfundir) og gera hlutina með öðrum hætti, t.d. hafa sameiginlega viðburði með öðrum skólum.

## HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI

Öflugur hópur sex starfsmanna og þriggja fulltrúa úr hópi nemenda stóð fyrir viðburðum á vegum heilsueflingarteymis á skólaárinu.

Í ládeyðu í félagslífi sem er einn af sýnilegum öngum áhrifa af völdum Covid-19 lagði teymið áherslu á hreyfingu og hreyfiviðburði meðal starfsfólks og nemenda eins og hægt var og að huga að því að bæta geðheilsu nemenda og efla félagslíf þeirra. Einnig var gerð úttekt á gátlista mótuneytis (gátlistar Landlæknis um heilsueflingu) í janúar 2022; þá þótti einsýnt að leggja beri aukna áherslu á geðræktarlistann.

Um nær alla viðburði sem voru á dagskrá gildir að þátttaka var dræmari en áður og á það bæði við um starfsfólk og nemendur. Mikilvægi stöðugrar hvatningar til þátttöku er því augljós og ekki hvað síst að finna leiðir og ráð sem virka!

Á haustönn má helst nefna eftirfarandi viðburði: Skipulagðar voru þrjár göngur starfsfólks og nemendur velkomnir. Styrkur fékkst frá ÍSÍ fyrir kynningu á ýmsum íþróttum á Akranesi í íþróttaviku ÍSÍ á haustönn og voru nemendur virkjaðir til þátttöku á samfélagsmiðlum gegnum #Beactiveiceland. Heilsuvika FVA var með fjölbreyttum viðburðum fyrir nemendur og starfsfólks, s.s. fyrirlestrar kynningar íþróttafélaga á svæðinu, flot, kaup áhalda fyrir borðtennis og jógaþingum en styrkir höfðu fengist til þessa. Teymið stóð einnig fyrir hreyfiáskorun meðal starfsfólks sem stóð í 30 daga: þátttakendur hreyfðu sig í samtals 571 dag á tímabilinu. Framkvæmd var könnun á meðal nemenda um hugmyndir þeirra til að styrkja heilsueflingu. Úr niðurstöðum mátti lesa að nemendur vilji helst viðburði eins og íþróttakeppnir/-mót sem eru á vegum íþróttaklúbbs. Hvatt var til þátttöku nemenda og starfsfólks í „Syndum“ landsátaki ÍSÍ og þá var sótt um í Lýðheilsusjóð (úthlutun á árinu 2022) fyrir innleiðingu Hugarfrelsis í skólastarfi FVA. Úthlutun hefur ekki farið fram við lok skóla í maí 2022.

Á vorönn má helst nefna eftirfarandi viðburði: Fyrirlestur fyrir nemendur um sjálfstraust og samanburð var haldinn í mars en hafði verið frestað í tvígang vegna samkomutakmarkana. Fjórar starfsmannagöngur voru skipulagðar. Þrátt fyrir dræma þátttöku mun heilsueflingarteymið ekki láta deigan sitja og áfram verður hugað að útivist og samveru í gönguferðum á haustönn 2022. „Göngum til góðs til Tene“ var endurtekin en raunþátttaka ekki eins góð og á fyrra ári (margir þátttakendur en aðeins hluti þeirra virkur). Líklega var bæði um að kenna samkomutakmörkunum og slæmu veðri. Ratleik sem var ætlað að ræsa hreyfiátakið var ítrekað frestað af sömu orsökum og bíður því betri tíma. Í Lífshlaupinu (átaksverkefni ÍSÍ) var þátttaka nemenda dræm. Vinnustaðakeppni starfsfólks var aðeins betri þó við vermdum engan veginn verðlaunasæti. Fátt starfsfólks skráði sig til leiks í „Hjólað í vinnuna“ og var árangur lakari en árið áður.

Heilsueflingu lýkur ekki þó þessu skólaári ljúki svo nú liggja fyrir tillögur heilsueflingarteymisins fyrir næsta skólaár, m.a. byggt á niðurstöðum könnunar á meðal nemenda þar má t.d. nefna: Setja upp körfuboltaspjald utandyra, koma borðtennisborðinu upp, auka hollustu í eftirréttum þegar þeir eru á boðstólum í mótuneytinu og koma upp drykkjarvatnskrönum víðar en í mótuneyti. Jafnframt vinna að því að virkja fleiri til heilsueflingar, bæði í röðum starfsfólks og nemenda, koma t.d. á hreyfiteygjum sem uppbroti í kennslu, auka samstarf við íþróttaklúbb nemenda, koma á þemaviku um heilsutengt efni og halda áfram með skipulagðar göngur. Þá má geta þess að hópur göngugarpa úr röðum starfsfólks hefur blásið til gönguferðar á Hornströndum í júní 2022 og endurtekur þar með sama leik frá árinu áður.

---

## UMHVERFISMÁL

Í umhverfisnefnd störfuðu að jafnaði fjórir nemendur með umhverfisfulltrúa allt skólaárið en verða að líkindum fimm starfandi næsta vetur.

Nemendur undirbjuggu fjórar kynningar á umhverfismálum á Íslandi fyrir þrjá online fundi með samstarfsskólum okkar í [Green Schools](#) verkefninu. Auk þess var farið til Aþenu í maí í síðustu lotu þessa verkefnis.

Úttekt hófst á vorönn á umhverfismálum innan skólans en vegna anna í verkefnum Green Schools náðist ekki að ljúka henni.

Nýtt samstarfsverkefni [Be Green](#) sem er umhverfisverkefni hófst í vetur: Ætlunin er m.a. að setja saman rafræna kennslubók til notkunar fyrir framhaldsskóla. Í ferð til Krítar nú í júní 2022 flutti umhverfisfulltrúi erindi um umhverfismál á Íslandi, Akranesi og sérstaklega í FVA.

Verkefni skólaársins voru ýmisleg, helst þessi: Fyrirlestur umhverfisfulltrúa í Lífsleikni á haustönn (Plastlaus september) um plast og skaðsemi þess til að vekja nemendur til umhugsunar um málefnið. Umhverfisnefnd stóð fyrir málstofu um umhverfismál og stöðu þeirra innan FVA á opnum dögum. Þetta tókst mjög vel og urðu úr mjög skemmtilegar umræður. Á haustönn og vorönn settu útskriftarnemar niður tré hjá Skógrækt Akraness en umhverfisnefnd hefur hvatt til þessa. Rætt var um flokkunarmál, vatns- og orkunotkun, matarsóun og vistspor matvæla svo eitthvað sé nefnt í stuðningi við umhverfisvænni lífstíl og til að minnka sóun. Margt hefur tekist vel til með, s.s. í mótuneytinu þar sem alltaf er boðið upp á grænkerarétt og afgangar vikunnar nýttir í vikulok. Mikill tími fór í „Grænu skrefin“ og náðust skref tvö og þrjú á haustönn. Áfram er unnið að fjórða og fimmta skrefinu sem á að nást á næsta skólaári.

Umbótatillögur eru helst þessar; að setja á fót umhverfisáfangar með áherslu á umhverfi og sjálfbærni í víðtækum skilninga, þátttaka í umhverfisverkefnum eins og t.d. [Young Reporters for the Environment](#) og minnt á að umhverfisfræði eigi vel heima í mörgum kennslugreinum (s.s. í tungumálum, samfélagsgreinum, raungreinum og íþróttum) enda er sjálfbærni einn af grunnþáttum aðalnámskrár. Þá er mikilvægt að minna nemendur og starfsfólk á að nýta alla hluti fremur en að henda því sem vel er nothæft: Við þurfum öll að leggja okkar af mörkum til þess að minnka sóun og vernda umhverfið.

---

## ALÞJÓÐASAMSTARF

Alþjóðasamstarf felur í sér samstarfsverkefni ólíkra og líkra á ýmsum sviðum skólastarfs, hvort sem um er að ræða þekkingaröflun og/eða þróun og úrbætur og er bæði gefandi og til skilningsauka fyrir þátttakendur. Alþjóðasamstarf á skólaárinu 2021-2022 var annasamt en það hafði verið í nokkurri lægð vegna Covid faraldursins sl. tvö ár.

Alþjóðasamstarf hjá okkur hefur verið nátengt umhverfisverkefnum (sbr. kaflann hér á undan) en tækifærin eru vissulega á fleiri sviðum: Alþjóðafulltrúi FVA sótti um Erasmus+ aðild í tveimur flokkum, þ.e. í náms- og starfsþjálfun annars vegar og í starfsmenntun hins vegar. Báðar umsóknir voru samþykktar með aðild til ársins 2027. Aðildin þýðir að starfsfólk og nemendur komast á námskeið og í skiptináms með einfaldri umsókn í stað annars umfangsmikillar og ítarlegrar. Á þetta reyndi núna í vor þegar forstöðumaður bókasafnsins fór til Helsinki í hópi bókasafnsfræðinga frá átta framhaldsskólum. Ferðin heppnaðist afar vel: Hún varð hópnum hvatning til áframhaldandi faglegs samstarfs auk þess sem okkar starfsmaður kemur til baka úr ferðinni með ótal hugmyndir um hvernig má efla bókasafn FVA í þágu skólans og nemenda.

Til viðbótar liggur fyrir að kennarar í nokkrum skólum í Evrópu hafa lýst yfir áhuga á að koma í heimsókn í skólann okkar og einnig að bjóða okkur eða einhverjum okkar að sækja þau heim. Þetta mögulega samstarf kemur í kjölfar þátttöku alþjóðafulltrúa á tengslaráðstefnum og samskipta gegnum eTwinning og í tölvupóstum. Um er að ræða fimm kennara, m.a. úr verknámsskólum og hafa tveir verknámsskennarar hjá okkur sýnt áhuga á samstarfi. Það er því bjart framundan í alþjóðasamstarfi.

Fyrirhugað var að ljúka samstarfsverkefninu Green Schools for the Future á þessu skólaári. Haustið 2021 fór alþjóðafulltrúi með fjórum nemendum í fyrstu nemendaferð þessa verkefnis. Í ljósi fjölgunar smita var afraðið að halda áfram með verkefnið gegnum netfundi alþjóðafulltrúa og samstarfskennara (Ísland, Ítalía og Kýpur). Lokafundur var haldinn í Aþenu og fóru tveir kennarar og einn nemandi frá okkur og tókst fundurinn vel. Ljóst var að það þyrfti aðeins meiri tíma til að ljúka verkefninu og því ákveðið að sækja um áframhald á því sem nemur einum til tveimur fundum.

Á haustönn 2021 var reynt að finna leið til að klára Nordplus verkefnið Education Lighthouse, í samstarfi við Finnland og Litháen. Fyrir Covid-19 faraldurinn fór 15 manna hópur frá okkur til Finnlands í tengslum en ekkert varð af því að nemendur frá þessum löngum kæmu til okkar. Útlit er því fyrir að verkefninu verði ekki lokið.

Á vorönn 2022 var fyrsti fundur Be Green verkefnisins í París sem alþjóðafulltrúi sótti. Samstarfslöndin eru Frakkland, Búlgarí, Ítalía, Tyrkland og Grikkland. Fimm kennarar sóttu næsta fund á Krít núna í júní og var yfirskrifin "From Seed to Spoon". Skoðuð var lífræn ræktun, hefðbundin matargerð og þjóðgarðar. Alþjóðafulltrúi flutti erindi um umhverfismál á Íslandi, Akranesi og innan FVA. Í október 2022 er fyrirhugað ferð tveggja kennara og þriggja nemenda til Tyrklands til að vinna áfram að verkefninu. Áætlað hefur verið að gefa út rafbók með ýmsum umhverfisþáttum sem nýta á í kennslu og fer fyrsta sýnikennslustundin fram í Tyrklandi í október 2022.

## VI. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Í þessum kafla eru rifuð upp verkefni sem fyrirhuguð voru á skólaárinu 2021-2022, skv. skýrslu um innra mat skólaársins 2020-2021 og farið yfir stöðuna nú í lok skólaársins 2021-2022. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu og niðurstaðna kannana verða tíunduð verkefni sem fyrirhuguð er á næsta skólaári, þ.e. 2022-2023.

### VERKEFNI VEGNA MARKMIÐA SEM LÁGU FYRIR Í UPPHAFI SKÓLAÁRSINS 2021-2022

Markmið fyrir skólaárið 2021-2022 voru á ýmsum sviðum<sup>1</sup> - aðgerðir og viðmið voru ekki skilgreind sérstaklega og þegar litið er til baka er ljóst að vel gekk á sumum en öðrum síður, ekki hvað síst fyrir áhrif frá Covid-19. Sem fyrr skyldi í stórum dráttum beina sjónum að því að efla fjölbreytt og gott bók-, list- og starfsnám, huga að gæðum náms og kennslu, minnka brotthvarf úr námi, efla mannauðinn og hafa faglega starfshætti og góða ímynd skólans að leiðarljósi. Fyrirhuguð verkefni og aðgerðir á skólaárinu voru neðangreind; jafnóðum er gert grein fyrir árangri:

<sup>1</sup> Birt í [innra mats skýrslu vegna skólaársins 2020-2021](#) (bls. 12)



|   |  |
|---|--|
| Vinna áfram að því að styrkja lýðræðisleg vinnubrögð með þátttöku starfsfólks og nemenda.                                 | Leitast var við að efla lýðræðislega vinnubrögð þar sem mögulegt var; t.d. voru kennarar kallaðir að borðinu við endurskoðun á skólanámskrá FVA, greidd atkvæði um tvær útfærslur á skóladagatali og nemendur fengu að hafa skoðun á hvernig kennsluáætlun og námsmati væri sem best komið fyrir; á fundum eru teknar upplýstar ákvarðanir eftir viðtækt samráð; hlustað er á raddir nemenda og starfsfólks.   |
| Halda áfram að vinna markvisst að heilsuefningu nemenda og starfsfólks með stuðningi heilsuefningarteymisins.             | Í V. kafla þessarar skýrslu er gert grein fyrir starfsemi heilsuefningarteymisins á skólaárinu en hún var mjög öflug.  |
| Vinna áfram að því að efla mannauðinn, styðja við endurmenntun starfsfólks og skora hærra í Stofnun ársins.               | Starfsmannafélagið KOSS heldur uppi miklu fjöri í hópnum. Starfsfólk er leynt og ljóst hvatt til starfsþróunar og þátttöku í hinum ýmsu verkefnum og stutt með bókun 2 í samkomulagi við KÍ frá 2021, grein í stofnanasamningi 2021 sem tryggir umbun fyrir viðbótarmenntun og í fréttabréfinu Skruddunni sem berst starfsfólki vikulega en þar er vakin athygli á námskeiðum og fræðsluefni. Stytting vinnuviku er komin á í öllum stéttarfélögum, utan KÍ. |
| Bæta aðbúnað starfsfólks og skólaumhverfið.   | Gerð var gangskör að því að endurnýja húsgögn og bæta netsamband. Óskir kennara um búnað í kennslustofu eru uppfylltar eftir fremsta megni.  |
| Vinna áfram með niðurstöður lýðræðisfundar frá vorönn 2021 sem eru <a href="#">aðgengilegar á heimasíðu skólans</a> .     | T.d. var borðtennisborð sett upp en reynslan sýnir að móta þarf skýrar reglur um notkun og frágang og var það á endanum tekið niður en verður sett upp aftur ef nemendur óska og taka þá ábyrgð á því. Körfuboltaspjald er í skoðun. Námsmatsdagar voru lagaðir, sem og aðbúnaður í kennslustofum bættur. Listinn verður áfram í vinnslu.  |
| Vinna markvisst með niðurstöður kannana til að greina umbætur, skilgreina þær og hrinda í framkvæmd.                      | Þetta hefur þróast í rétta átt en við getum gert enn betur hvað varðar skilgreiningu aðgerða, framkvæmd þeirra og eftirfylgd.  |
| Græn skref: Halda áfram markvissri innleiðingu og markmið sett um að ljúka henni á tilteknum tíma.                        | Skrefi 3 var lokið í október 2021. Vinna var þá hafin við skref 4 og 5 og markmið sett um að innleiðingu yrði lokið á árinu 2022. Kappkostað er að ná skrefi 4 fyrir árslok 2022 en vinna að skrefi 5 mun taka heldur lengri tíma.   |
| Umhverfismál: Móta stefnu, markmið og viðmið fyrir árangur.   | Umhverfisstefna er í samþykktarferli hjá Grænum skrefum  |
| Loftslagsstefna: Móta stefnu, markmið og viðmið fyrir árangur.  | <a href="#">Loftslagsstefna</a> var sett á skólaárinu. Eftirfylgd er hjá skólameistara og aðstoðarskólameistara  |
| Taka áhugasviðsviðtöl á framhaldsskólabraut og gera stöðumat hjá nemendum með annað móðurmál en íslensku (ÍSAN áfanginn). | Allir nemendur sem innrituðust á framhaldsskólabrautina voru boðaðir í viðtal ásamt forráðamanni til náms- og starfsráðgjafa. Leitast var við að koma til móts við þarfir hvers og eins. Nemendur af erlendum uppruna fengu einnig boð um sams konar viðtal og kennari með tilskilda menntun gerði stöðumat á kunnáttu þeirra sem skráðu sig í ÍSAN.   |
| Koma á sálfræðiþjónustu fyrir nemendur.   | Á vorönn 2022 var í tvígang auglýst á Starfatorg.is eftir sálfræðingi en því miður fengum við engar umsóknir. Geðhjúkrunarfræðingur við skólann og náms- og starfsráðgjafar kappkosta að veita nemendum fyrstu hjálp og leiðbeina þeim um viðeigandi úrræði þegar það á við.   |



|   |  |
|---|--|
| Umsjón felld inn í lífsleikniáfanga; hvetja til teymisvinnu kennara, leita leiða til að virkja nemendur til þátttöku og bæta enn frekar utanumhald um nemendur. | Teymisvinna í lífsleikni skilaði samhentum hópi sem fékk endalausar hugmyndir til að virkja nemendur og hvetja til dáða. Fundað var með fulltrúum frá Akraneskaupstað um innleiðingu farsældarlaga í FVA og hvernig hægt er að grípa fyrr inn í og styðja við nemendur. Tengiliðir voru skipaðir og samvinna um farsæld nemenda hefst í haust. |
| Endurskoðun námskrár FVA, þ.e. brautarlýsinga, áfanga og almenns hluta.   | Deildarstjórum var falið að fara yfir allar brautarlýsingar með sínum kennurum. Auglýst var eftir viljugum kennurum til að móta námskrána og var greitt launaprep fyrir. Vinnan gekk vel og umræður voru frjóar og faglegar. Áfangastjóri stýrði vinnunni farsællega og námskráin var gefin út 15. júní 2022.                                  |
| Nýliðamóttaka, -þjálfun og eftirfylgd fest í sessi.   | Verkefnið gekk vel en rýna þarf ferlið, ljúka við gerð móttökuáætlunar og móta verklagsreglu sem er aðgengileg í gæðahandbók skólans á vefnum.   |

Sum framangreindra verkefna eru hluti af markmiðum í [stefnumiðaðri áætlun FVA 2022-2024](#) sem var uppfærð í lok árs 2021 – hér eru dregin út markmið í áætluninni og aðgerðir sem varða skólastarfið beinlínis:

| Markmið   | Aðgerðir  | Lokið / Í vinnslu vorið 2022 |
|---|---|------------------------------|
| Að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku   | Skilgreina námsefni og endurskoða kennsluhætti í ÍSAN, skilgreina þarfir og markhóp, innritunarviðtöl ágúst 2021 með túlk.    | Lokið                        |
|   | Gera <a href="#">móttökuáætlun</a>  | Lokið                        |
| Að styðja sérstaklega við nemendur sem innritast með D á samræmdu grunnskólaprófi (framhaldsskólabraut) | Endurskoða markmið og námskrá á FRH, brautskrá formlega af FRH (fallið frá því síðastnefnda, áhugi ekki fyrir hendi hjá nem.) | Lokið                        |
|   | Bæta verkefnastjórn með nemendum á FRH, áhugasviðskönnun, innritunarviðtöl (ágúst 2021) og utanumhald með skólasókn           | Í vinnslu                    |
|   | Efla Verið, jafningjafræðslu, í stærðfræði og íslensku  | Lokið                        |
| Að auka fjölbreytni í námsframboði og hlutdeild skapandi greina   | Kynna lista- og nýsköpunarsvið fyrir samfélaginu á Akranesi (fjölmiðlar)  | Lokið                        |
|   | Þjóða upp á skapandi valáfanga þrátt fyrir fámenni  | Í vinnslu                    |
|   | Bæta aðstöðu fyrir skapandi nám (myndlistarstofa)   | Í vinnslu                    |
| Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum   | Viðhalda grænfána   | Í vinnslu                    |
|   | Klára Grænu skrefin og grænt bókhald  | Í vinnslu                    |
|   | Kolefnisjafna, gróðursetja tré með útskriftarefnum  | Lokið                        |



## VERKEFNI OG AÐGERÐIR FYRIRHUGUÐ Á SKÓLAÁRINU 2022-2023

Rýni á niðurstöður kannana og hina ýmsu þætti í starfsemi skólans sem nú hefur farið fram gefur tækifæri til að greina mögulegar umbætur á ýmsum sviðum. Á þeim grundvelli liggja helstu umbótatækifærin í eftirfarandi:

- Efla námskraft og virkni nemenda. Tillögur mótaðar í deildum og á miðvikudagsfundum, m.a. á grundvelli ábendinga í könnunum.
- Kynna nemendum mikilvægi persónuverndar, upplýsingaöryggis (lífsleikniáfangi og stjórn NFFA).
- Fræðsla fyrir nemendur um góð samskipti, áreitni og einelti (lífsleikni, fræðsluerindi, hópavinna).
- Verknám: Auka samtal um öryggi á vinnustað og heilsusamlegt vinnuumhverfi (deildarstjórar og öryggisnefnd) og bæta utanhald.
- Móta samskiptasáttmála starfsfólks (hópavinna).
- Vinna úr niðurstöðum Stofnunar ársins (á skólafundi 26.8. - hópavinna).
- Rýna framtíðarsýn og stefnu FVA (á skólafundi 26.8.).
- Vinna að tillögum heilsuefningarteymis - stöðug umbótavinna.
- Kynna starfsfólki Erasmus+ aðildina og hvetja til alþjóðasamstarfs (á skólafundi 26.8.).
- Efla öryggisvitund starfsfólks (fundir með deildarstjórum, öryggisnefnd, atvikaskráning og vinnuumhverfisvísar).
- Efla umhverfisvitund starfsfólks og nemenda með fræðslu og hvatningu.
- Styðja og efla nemendafélagið og auka aðhald með rekstri þess (mánudagsfundir).
- Framkvæma stuttar kannanir til að fá fram hugmyndir um óskir nemenda/starfsfólks í anda lýðræðislegra vinnubragða.
- Jafnrétti og lýðræði í raun? - fræðsla - getum við gert betur og þá hvernig? - umræður á miðvikudagsfundum, tillögur lagðar fram.
- Vinna áfram að innleiðingu á [gæðahandbók FVA](#) sem er aðgengileg á vefsíðu skólans.

## VII. LOKAORÐ

Í lok skólaárs ber hæst að námskrá skólans var endurskoðuð í 17. sinn frá stofnun skólans 1977. Hópur kennara vann skipulega að endurskoðuninni undir styrkri stjórn áfangastjóra. Ávinningurinn er betri námsbrautir, nýir og/eða endurskoðaðir áfangar á öllum brautum, skarpari sýn og skýrari reglur. Nýja námskráin tekur gildi sumarið 2022 og er rammi utan um skólastarfið; lifandi plagg í sífelldri endurskoðun.

Húsnæði FVA er víða farið að láta á sjá. Endurbætur á aðstöðu starfsbrautar og náms- og starfsráðgjafa voru orðnar sérlega aðkallandi vorið 2021 og fékkst samþykki yfirvalda fyrir því. Hófust framkvæmdir HH trésmiðju í september, áttu reyndar að hefjast í maí og vera lokið um áramót. Skemmst er frá því að segja að verkið dróst á langinn, bæði vegna þess að húsnæðið var verr farið en talið var og vegna lélegrar eftirfylgni af hendi Ríkiseigna-Framkvæmdasýslunnar. Nú í júní hillir loks undir langþráð verklok. Vegna framkvæmdanna voru starfsbrautarnemar og kennarar og náms- og starfsráðgjafar á hrakhólum allt skólaárið. Hávaði og ryk fylgdu framkvæmdunum. Starfsfólk skólans sýndi þessu skilning og umburðarlyndi en skólameistari var farinn að reyta hár sitt enda verkið orðið fáránlega dýrt en hvorki gekk né rak að ljúka því. Ljóst er að Ríkiseignir-Framkvæmdasýslan þarf að hlúa mun meira að húsnæðinu á næstu árum, hinn hluti B álmu er einnig illa farinn en ekki fékkst viljrði fyrir að ráðast í endurbætur á þessu skólaári. Herbergi á heimavist þarfnast alúðar og kennslustofur hafa ekki verið málaðar árum saman svo dæmi séu tekin um aðkallandi verkefni.

Á haustönn 2021 fengu 10. bekkingar úr Grundaskóla á Akranesi hér húsaskjól annað árið í röð og 9. bekkingar fengu einnig inni í nokkrar vikur í lok skólaársins. Nokkrir kennarar FVA þurftu þess vegna að gefa frá sér kennslustofur sem þeir voru vanir að nýta, álag jókst í mötuneytinu, hjá umsjónarmanni fasteigna og á bókasafni í kjölfarið. Allt gekk upp á endanum með góðum vilja. Ekki er enn byrjað að endurnýja og byggja við húsnæði Grundaskóla svo líkur eru á að við hýsum 10. bekk næstu 2-3 árin a.m.k.

Skólastarf í skugga Covid-19 sýndi að bæði starfsfólk og nemendur aðlagast aðstæðum og sýna styrkleika í mótlæti. Þetta var erfitt en mikilvægur lærdómur sem styrkir okkur. En svo virðist sem langtímaáhrif samkomutakmarkana og skólalokunar vegna Covid-19 séu farin að koma skýrar fram. Mögulega má skýra vaxandi óvirkni og áhugaleysi nemenda að hluta til út frá sóttvarnarráðstöfunum sem drógu úr námsáhuga og útilokuðu samvistir við vini, skólasamfélag og félagslíf að mestu leyti.

Okkar bíða næg verkefni og skýrsla sem þessi hjálpar okkur að draga þau fram, fá yfirsýn á umfang og forgangsraða og ekki síst að tryggja gæði. Við hlökkum til að takast á við faglegar og kennslufræðilegar áskoranir næsta skólaárs sem snúa fyrst og fremst að nemendum, námskrafti, skuldbindingu, og virkni, en ekki síður að því að efla enn frekar þá þætti sem snúa að mannauði skólans og ímynd hans. Áhersla er lögð á lýðræðislega nálgun í kennslu- og stjórnunarháttum, persónulega þjónustu og notalegan skólabrag. Aðsókn í nám við skólann er góð og framtíðin björt.

Akranesi 20. júní 2022

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari